

11.4.2017

Nefndasvið Alþingis.

Frumvarp til laga um skatta, tolla og gjöld (samsköttun félaga, takmörkun á frádrætti vaxtagjalda, leigutekjur o.fl.), 385. mál.

Úrvinnslusjóður gerir athugasemd við orðalag í grein 4.9. Þar segir:

4.9. Leiðréttingar á viðauka XIX við lög um úrvinnslugjald.

Með lögum um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, nr. 126/2016<<http://www.althingi.is/altext/stjt/2016.126.html>>, voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002<<http://www.althingi.is/lagas/146a/2002162.html>>. Eru forsendur breytinganna ítarlega raktar í kafla 3.15 í almennum athugasemdum frumvarps þess er varð að fyrrnefndu lögunum.

Með 40. gr. laga nr. 126/2016 var nýjum viðauka, viðauka XIX, bætt við lög um úrvinnslugjald og inniheldur sá viðauki úrvinnslugjald sem leggst á tiltekin raf- og rafeindatæki. Vegna mistaka féllu niður nokkur tollskrárnúmer sem gera átti grein fyrir í viðaukanum auk þess sem gjöld revndust ekki nægilega há í nokkrum tilvikum. Gerðist þetta annars vegar vegna mistaka við útreikning gjalda og hins vegar misskilnings sem á rætur sínar að rekja til viðamikilla breytinga sem urðu á tollskrá í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005<<http://www.althingi.is/lagas/146a/2005088.html>>, um síðustu áramót vegna breytinga á tollskrá Alþjóðatollamálastofnunarinnar.

Það sem er með rauðu letri er ekki samkvæmt okkar tillögum og er ekki rétt. Hið rétta er að það voru villur í flokkun tollskrárnúmeranna auk breytinga á tollskrá Alþjóðatollamálastofnunarinnar. Okkar útgáfa af þessari málsgrein væri svona:

Með 40. gr. laga nr. 126/2016 var nýjum viðauka, viðauka XIX, bætt við lög um úrvinnslugjald og inniheldur sá viðauki úrvinnslugjald sem leggst á tiltekin raf- og rafeindatæki. Vegna mistaka voru rangar upphæðir skráðar við örfá tollskrárnúmer auk þess sem féllu niður nokkur tollskrárnúmer sem gera átti grein fyrir í viðaukanum. Gerðist þetta annars vegar vegna þess að tollskrárnúmerin voru tengd röngum raf- og rafeindatækjaflokkum og hins vegar vegna misskilnings sem á rætur sínar að rekja til viðamikilla breytinga sem urðu á tollskrá í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005 <<http://www.althingi.is/lagas/146a/2005088.html>>, um síðustu áramót, vegna breytinga á tollskrá Alþjóðatollamálastofnunarinnar.

Með kærri kveðju

Íris Gunnarsdóttir

Íris Gunnarsdóttir
Rekstrarstjóri

- Operations Manager